

Grundarfjarðarbær
Grundargötu 30
350 Grundarfjörður

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
19. des. 2012 8.14.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. desember 2012
Tilvísun: UST20111000064/edk

Staðfesting á úrbótum - máli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dagsett 6. október 2011, þar sem fjallað er um frávik frá starfsleyfi sem komu fram við reglubundið eftirlit með meðhöndlun úrgangs á Hrafnkelsstöðum, Grundarfjarðarbæ þann 30. júní 2011. Einnig er vísað í bréf dagsett 25. nóvember 2011 þar sem áformað var að áminna rekstraraðila vegna sömu fráviks.

Frávikin sem um ræðir eru eftirfarandi:

1. Mikið var af úrgangi á svæðinu sem ekki er heimilt, skv. starfsleyfi, að geyma eða urða á staðnum, svo sem dekk, innanstokksmunir og fleira.
Í bréfi frá Grundarfjarðarbæ, dags. 7. mars 2012, er greint frá fyrirhugaðri lokun urðunarstaðarins. Þá var gert ráð fyrir að svæðið yrði hreinsað vorið 2012 þannig að enginn annar úrgangur verði eftir heldur en til stóð skv. starfsleyfi. Skv. tölvupósti frá fulltrúa rekstraraðila, dags. 9. nóvember 2012, er hreinsun lokið. **Umhverfisstofnun telur þetta frávik því að fullu bætt en úrbætur verða skoðaðar í lokaúttekt á svæðinu.**
2. Of mikið magn af úrgangstimbri er geymt á staðnum og er það dreift á nokkra staði. Þá er ekki að sjá neina jarðgerð eða aðra endurvinnslu á svæðinu, en samkvæmt starfsleyfi ber rekstraraðila að leita leiða til þess að endurnota eða endurnýta sem mest af úrgangi.
Í bréfi frá Grundarfjarðarbæ, dags. 7. mars 2012, segir að móttöku timburs og málma hafi verið hætt, og þegar hafi verið hafist handa við að kurla og fjarlægja timbur af svæðinu. Skv. tölvupósti frá fulltrúa rekstraraðila, dags. 9. nóvember 2012, er þessu verki lokið.
Umhverfisstofnun telur þetta frávik því að fullu bætt en úrbætur verða skoðaðar í lokaúttekt á svæðinu.
3. Svæðið er ekki afgirt eins og skilyrt er í starfsleyfi og voru kindur á svæðinu, ennfremur var hlið ólæst þó starfsemi væri ekki í gangi.
Í bréfi frá Grundarfjarðarbæ, dags. 7. mars 2012, kemur fram áætlun um að girt verði sumarið 2012. Skv. tölvupósti frá fulltrúa rekstraraðila, dags. 9. nóvember 2012, hefur svæðið nú verið girt af. **Umhverfisstofnun telur þetta frávik því að fullu bætt en úrbætur verða skoðaðar í lokaúttekt á svæðinu.**
4. Umhverfisstofnun hafði ekki borist staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun þegar eftirlit fór fram.

Urðun hefur verið hætt á Hrafnkelsstöðum og vinnur sveitarfélagið nú eftir lokunarfyrirmælum sem Umhverfisstofnun gaf út 5. desember sl. Frávik þetta á því ekki lengur við og verður ekki fylgt eftir frekar.

5. Eintak af starfsleyfi var ekki til staðar í vörslu umsjónaraðila eins og skilyrt er í ákvæði 3.7 í starfsleyfi.


Urðun hefur verið hætt á Hrafnkelsstöðum og vinnur sveitarfélagið nú eftir lokunarfyrirmælum sem Umhverfisstofnun gaf út 5. desember sl. Frávik þetta á því ekki lengur við og verður ekki fylgt eftir frekar.


6. Ekki hafa fundist nein gögn um mælingar á vatnssýnum frá urðunarstaðnum í gagnasöfnum Umhverfisstofnunar, en Umhverfisstofnun fór fram á slíkar mælingar í síðasta eftirliti dags. þann 23.3.2010.

Í tölvupósti frá rekstraraðila, dagsettum 19. desember 2012, segir að grunnvatnsbrunnum hafi nú verið komið fyrir á urðunarstaðnum, sbr. það sem fram kemur í lokunarfyrirmælum staðarins. Hinsvegar hafi ekki verið hægt að taka sýni úr þeim ennþá þar sem frost er í jörðu og ekkert vatn hafi borist í brunnana. **Umhverfisstofnun mun ekki fylgja eftir þessu frávik frekar og gerir ráð fyrir að mælingar muni fara fram í samræmi við það sem fram kemur í lokunarfyrirmælum staðarins.**

Eftirfylgnimáli, sem hófst með áformum um áminningu 25. nóvember 2011, er nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávik frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 446/2012.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjáns dóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands